

Heilbrigðiseftirlit  
Vesturlands  
Ársreikningur 2019

Heilbrigðiseftirlit Vesturlands  
Innrímel 3  
301 Akranesi  
Kt.550399-2299

# Efnisyfirlit

	<b>Bls.</b>
Skýrsla og áritun stjórnenda á ársreikninginn .....	3
Áritun óháðs endurskoðanda .....	4
Rekstrarreikningur .....	6
Efnahagsreikningur .....	7
Sjóðstreymisyfirlit .....	8
Skýringar .....	9

# Skýrsla og áritun stjórnenda á ársreikninginn

Heilbrigðiseftirlit Vesturlands er rekið af sveitarfélögum á Vesturlandi sbr. lög nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir.

Aðildarsveitarfélög að Heilbrigðiseftirliti Vesturlands eru Akraneskaupstaður, Borgarbyggð, Dalabyggð, Eyja- og Miklaholtshreppur, Grundafjarðarbær, Helgafellssveit, Hvalfjarðarsveit, Skorradalshreppur, Snæfellsbær og Stykkishólmsbær.

Samkvæmt rekstrarreikningi nema heildartekjur eftirlitsins 38,6 millj. kr. og er rekstrarniðurstaða eftirlitsins neikvæð um 7,7 millj. kr. Eigið fé eftirlitsins í árslok 2019 samkvæmt efnahagsreikningi var neikvætt um 7,2 millj. kr. en vísað er til ársreikningsins varðandi jöfnun taps og aðrar breytingar á eiginfjárreikningum.

Rekstur eftirlitsins var þungur á árinu 2019 sem rekja má til aukins launakostnaðar auk þess sem tekjur af eftirlitsgjöldum lækkuðu verulega frá því sem áætlanir gerðu ráð fyrir. Aðildarsveitarfélög mættu aukinni fjárþörf með viðbótar framlagi að fjárhæð 10,0 millj. kr. en áætlanir gera ráð fyrir að jafnvægi náist í reksti á árinu 2020.

Hjá Heilbrigðiseftirliti Vesturlands störfuðu 4 starfsmenn í 3,1 ársverki á árinu 2019 og greiddi eftirlitið 30,6 millj. kr. (2018; 21,7 millj. kr.) í laun að meðtöldum stjórnarlaunum að fjárhæð 1,6 millj. kr. (2018; 1,6 millj. kr.) Launatengd gjöld námu 6,6 millj. kr. (2018; 5,1 millj. kr.) Laun og launatengd gjöld framkvæmdastjóra námu 13,4 millj. kr. á árinu (2018; 13,0 millj. kr.).

Stjórn og framkvæmdastjóri Heilbrigðiseftirlits Vesturlands staðfesta hér með ársreikning Heilbrigðiseftirlitsins fyrir árið 2019 með undirritun sinni.

Hvalfjarðarsveit, / 2020.

Í stjórn:

Framkvæmdastjóri:

# Áritun óháðs endurskoðanda

Til stjórnar Heilbrigðiseftirlits Vesturlands

## Áritun um endurskoðun ársreikningsins

### Álit

Við höfum endurskoðað ársreikning Heilbrigðiseftirlits Vesturlands fyrir árið 2019. Ársreikningurinn hefur að geyma rekstrarreikning, efnahagsreikning, sjóðstreymisýfirlit, upplýsingar um mikilvægar reikningsskilaaðferðir og aðrar skýringar.

Það er álit okkar að ársreikningurinn gefi glögga mynd af fjárhagsstöðu eftirlitsins 31. desember 2019 og afkomu þess og breytingu á handbæru fé á árinu 2019, í samræmi við lög um ársreikninga.

### Grundvöllur álits

Við endurskoðuðum í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla. Ábyrgð okkar samkvæmt stöðlunum er lýst frekar í kaflanum *Ábyrgð endurskoðanda á endurskoðun ársreikningsins* í árituninni. Við erum óháð félaginu í samræmi við alþjóðlegar siðareglur fyrir endurskoðendur, International Ethics Standards Board for Accountants Code of Ethics for Professional Accountants (IESBA Code) og siðareglur fyrir endurskoðendur á Íslandi og höfum uppfyllt aðrar siðferðisskyldur okkar í samræmi við þær reglur og IESBA Code. Við teljum að við höfum aflað nægilegra og viðeigandi endurskoðunargagna til að byggja álit okkar á.

### Ábyrgð stjórnar og framkvæmdastjóra á ársreikningnum

Stjórn og framkvæmdastjóri eru ábyrg fyrir gerð og glöggri framsetningu ársreikningsins í samræmi við lög um ársreikninga og fyrir því innra eftirliti sem þau telja nauðsynlegt til að gera þeim kleift að setja fram ársreikning sem er án verulegra annmarka, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka.

Við gerð ársreikningsins ber stjórn og framkvæmdastjóra að leggja mat á rekstarhæfi eftirlitsins og upplýsa, eftir því sem við á, um þætti er varða rekstrarhæfi og miða grundvöll reikningsskilanna við áframhaldandi rekstrarhæfi, nema þau ætli annað hvort að leysa eftirlitið upp eða hætta starfsemi þess, eða hafa engan annan raunhæfan kost en að gera það.

Stjórn og framkvæmdastjóri skulu hafa eftirlit með gerð og framsetningu ársreikningsins.

### Ábyrgð endurskoðanda á endurskoðun ársreikningsins

Markmið okkar eru að öðlast hæfilega vissu um hvort ársreikningurinn í heild sé án verulegra annmarka, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka, og að gefa út áritun endurskoðanda sem inniheldur álit okkar. Í hæfilegri vissu felst áreiðanleiki en ekki trygging fyrir því að endurskoðun í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla muni alltaf leiða í ljós verulega annmarka ef þeir eru fyrir hendi. Annmarkar geta komið fram vegna sviksemi eða mistaka og eru taldir verulegir ef þeir einir og sér eða samanlagt gætu haft áhrif á efnahagslegar ákvarðanir sem notendur ársreikningsins taka á grundvelli hans.

Við endurskoðun í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla beitum við ávallt faglegri dómgreind og viðhöfum faglega gagnrýni. Að auki:

- Greinum við og metum hættu á verulegri skekkju í ársreikningnum, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka, skipuleggjum og framkvæmum endurskoðunaraðgerðir til að bregðast við þeirri hættu og öflum endurskoðunargagna sem eru nægjanleg og viðeigandi til að byggja álit okkar á. Hættan á að uppgötva ekki verulega skekkju vegna sviksemi er meiri en að uppgötva ekki skekkju vegna mistaka, þar sem sviksemi getur falið í sér samsæri, fölsun, að einhverju sé viljandi sleppt, villandi framsetningu eða að farið sé framhjá innra eftirliti.
- Öflum við skilnings á innra eftirliti, sem varðar endurskoðunina, til að skipuleggja viðeigandi endurskoðunaraðgerðir, en ekki til að veita álit á virkni innra eftirlits Heilbrigðiseftirlits Vesturlands.
- Metum við hvort reikningsskilaaðferðir og reikningshaldslegt mat stjórnenda og tengdar skýringar séu viðeigandi.

## Áritun óháðs endurskoðanda, frh.:

- Ályktum við um hvort notkun stjórnar og framkvæmdastjóra á forsendu reikningsskilanna um rekstrarhæfi sé viðeigandi og metum, á grundvelli endurskoðunarinnar, hvort aðstæður séu til staðar sem valdið gætu verulegum vafa um rekstrarhæfi eftirlitsins. Ef við teljum að verulegur vafi leiki á rekstrarhæfi ber okkur, í áritun okkar, að vekja sérstaka athygli á viðeigandi skýringum ársreikningsins eða, ef slíkar skýringar eru ófullnægjandi, að víkja frá fyrirvaralausri áritun. Niðurstaða okkar byggir á endurskoðunargögnum sem aflað er fram að dagsetningu áritunar okkar. Samt sem áður geta atburðir eða aðstæður í framtíðinni gert eftirlitið órekstrarhæft.
- Metum við framsetningu, uppbyggingu og innihald ársreikningsins í heild, að meðtöldum skýringum, og hvort ársreikningurinn gefi glögga mynd af undirliggjandi viðskiptum og atburðum.

Við upplýsum stjórn meðal annars um áætlað umfang og tímasetningar endurskoðunarinnar og veruleg atriði sem upp kunna að koma í endurskoðun okkar, þar á meðal verulega annmarka á innra eftirliti.

### **Staðfesting vegna annarra ákvæða laga**

Í samræmi við ákvæði 2. mgr. 104 gr. laga nr. 3/2006 um ársreikninga staðfestum við samkvæmt okkar bestu vitund að í skýrslu stjórnar sem fylgir þessum ársreikningi eru veittar þær upplýsingar sem þar ber að veita í samræmi við lög um ársreikninga og koma ekki fram í skýringum.

Borgarnes, / 2020.

**KPMG ehf.**

# Rekstrarreikningur ársins 2019

	Skýr.	Ársreikningur 2019	Fjárhagsáætlun 2019	Ársreikningur 2018
<b>Rekstrartekjur</b>				
Framlög sveitarfélaga .....		23.299.096	23.000.000	12.488.969
Eftirlitsgjöld .....		10.395.579	20.075.000	16.006.853
Sýnataka .....		2.382.209	2.800.000	3.039.686
Aðrar sértekjur .....		2.551.284	1.200.000	1.551.602
	4	38.628.168	47.075.000	33.087.110
<b>Rekstrargjöld</b>				
Laun og launatengd gjöld .....	7	39.307.551	36.248.000	26.852.246
Annar rekstrarkostnaður .....	8	7.004.154	8.345.000	6.935.348
		46.311.705	44.593.000	33.787.594
<b>Rekstrarafkoma (neikvæð) án fjármunatekna og (fjármagnsgjalda)</b>				
		( 7.683.537)	2.482.000	( 700.484)
<b>Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld)</b>				
Vaxtatekjur .....		105.142	100.000	115.600
Fjármagnstekjuskattur .....		( 23.131)	( 25.000)	( 25.432)
Vaxtagjöld og bankakostnaður .....		( 103.421)	( 70.000)	( 52.436)
		( 21.410)	5.000	37.732
<b>Rekstrarniðurstaða ársins (neikvæð)</b>				
	11	( 7.704.947)	2.487.000	( 662.752)

# Efnahagsreikningur 31. desember 2019

<b>Eignir</b>	<b>Skýr.</b>	<b>2019</b>	<b>2018</b>
Varanlegir rekstrarfjármunir .....		185.000	185.000
Fastafjármunir samtals	5, 9	185.000	185.000
Óinnheimtar tekjur .....	6,10	1.449.624	2.670.818
Krafa á tengda aðila .....		0	1.214.364
Aðrar skammtímakröfur .....		416.995	468.187
Handbært fé .....		920.498	455.476
Veltufjármunir samtals		2.787.117	4.808.845
<b>Eignir samtals</b>		<b>2.972.117</b>	<b>4.993.845</b>
<b>Eigið fé</b>			
Eiginfjárreikningur .....	11	( 7.234.366)	470.581
<b>Skammtímaskuldir</b>			
Viðskiptaskuldir .....	12	273.674	421.357
Fyrirframinnheimt framlög v. bifreiðar, tengdir aðilar .....	15	3.000.000	0
Skuld við tengda aðila .....	15	115.861	6.355
Ógreiddur kostnaður .....	13	6.816.948	4.095.552
		10.206.483	4.523.264
Skuldir samtals		10.206.483	4.523.264
<b>Eigið fé og skuldir samtals</b>		<b>2.972.117</b>	<b>4.993.845</b>
<b>Skuldbindingar</b> .....	14		

